

Ritdómur

Lutheran Theology: A Grammar of Faith,
eftir Kirsi Stjerna. London: T&T Clark, 2021, 218 bls.

Þegar Marteinn Lúther ákvað að skrifa *Fræðin minni og meiri*, þá var það vegna þess að hann vildi sjá fólki, almennu safnaðarfólki en einnig prestum, fyrir ritum sem myndu hjálpa því að þekkja undirstöðuatriði kristinnar trúar. Fræðunum er skipt niður í eftirfarandi sex flokka eftir umfjöllunarefni: boðorðin tíu, postullega trúarjátningin, Faðirvoríð, skírnin, skriftir og altarisakramentið. Ritin komu fyrst út árið 1529 en urðu síðar hluti af ritasafni sem var gefið út árið 1580 undir heitinu *Samlyndisbókin*. Allt fram til okkar tíma hefur verið litið á ritin sem er að finna í *Samlyndisbókinni* sem lykiltexa innan lútherskrar guðfræðihefðar en það er sístæð áskorun að túlka þessa texta í ljósi nýrra sögulegra aðstæðna.

Kirsi Stjerna er fædd og uppalin í Finnlandi og er vígður prestur innan lúthersku kirkjunnar í heimalandi sínu. Hún hefur í áratugi kennt við bandaríska háskóla, m.a. nemendum sem eru að búa sig undir það að verða prestar innan lúthersku kirkjunnar. Í bókinni *Lutheran Theology: A Grammar of Faith* tekst Stjerna á við það stóra verkefni að kynna lykiltexa lútherskrar guðfræðihefðar fyrir öllum þeim sem áhuga hafa á að kryfja textana til mergjar (bls. xiii). Stjerna er sérfræðingur á sviði lútherskrar guðfræði. Auk þess að hafa áratugalanga reynslu af því að kenna þessa texta, hefur hún skrifað og ritstýrt fjölda rita um ólík viðfangsefni innan lútherskrar guðfræði. Þá var hún í hópi þeirra sem höfðu yfirumsjón með nýrri útgáfu á textum Marteins Lúthers á enska tungu, sem kallast *Annotated Luther*. Um var að ræða ýmist endurskoðaða eða nýja þýðingu, en verkið kom út í tengslum við 500 ára afmæli síðbótarinnar. Um er að ræða sex binda verk sem gefið var út af Fortress Press á árunum 2015–2017. Stjerna var aðalritstjóri bindis númer tvö, sem er safn rita um „orðið og trúna“ og hefur m.a. að geyma rit Lúthers *Um ánanð viljans* (1525), *Fræðin meiri* (1529) og *Schmalkaldengreinarnar* (1538).¹

Í bók sinni *Lutheran Theology: A Grammar of Faith* velur Stjerna að feta ákveðinn milliveg á milli þröngrar sögulegrar aðkomu og einhliða áherslu á spurningar og málefni sem eiga rætur í samtíma okkar. Markmið hennar er að rannsaka rætur lútherskrar guðfræði en um leið að varðveita anda síðbótarguðfræðinnar og lyfta því upp sem gagnast og er þess virði að halda áfram að vinna með, en benda líka á það sem er miður gagnlegt og getur í einhverjum tilvikum valdið skaða (bls. 2). Nálgun Stjerna er fyrst og fremst guðfræðileg og bókinni er ætlað að vekja athygli lesandans á grundvallartextum lútherskrar guðfræði, án þess að gefa endanleg svör. Þvert á móti vill hún hjálpa þeim sem lesa bókina að nálgast hefðina út frá gagnrýnu sjónarhorni og eiga í gagnvirku samtali við hana.

¹ Kirsi Stjerna (ritstj.), *Word and Faith*, Annotated Luther 2, Minneapolis: Fortress Press, 2015.

Stjerna fjallar aðallega um tvö rit *Samhyndisbókarinnar*, *Ágsborgarjátninguna* og *Fræðin meiri*, en vitnar auk þess í önnur rit, sérstaklega *Schmalkaldengreinarnar*. Bókinni er skipt niður í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum er stuttur inngangur um líf og starf Lúthers, þar sem Stjerna færir rök fyrir því að frelsis-hugtakið sé þungamiðjan í guðfræði Lúthers. Þess vegna kallar hún Lúther „frelsis-guðfræðing“ (e. *freedom theologian*) og með því að nota það hugtak býður hún lesendum sínum að skoða Lúther út frá þessu ákveðna sjónarhorni en tekur það engu að síður fram að hún sé ekki að reyna að gera hann að einhvers konar frelsishetju í þeirri merkingu sem við kunnum að leggja í það orð í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar (bls. 10). Stjerna skorar á lesendur sína að láta á það reyna hverju það breyti fyrir skilning á Lúther, á orðum hans og gjörðum, að skoða hann út frá frelsis-hugtakinu. Í þessu samhengi bendir hún sérstaklega á rit Lúthers *Um frelsi kristins manns* (1520) sem hún telur gefa góða mynd af því hvers konar guðfræðingur Lúther var, hverju hann trúði og hver var kveikjan að siðbót hans (bls. 28).

Annar hluti bókarinnar er það sem höfundur kallar vegvísi (e. *road map*) um lúthersk játningarit, þar sem einstök rit eru kynnt, bæði inntak þeirra og sögulegt samhengi. Fremst í þessum hluta er kafli um ritin sem tilheyra *Samhyndisbókinni*, en í kjölfarið kemur kafli sem höfundur kallar „málfræði lútherskrar trúar“ (e. *lutheran faith grammar*). Í kaflanum um málfræðina er áhersla lögð á kenningu Lúthers um réttlætninguna og náin tengsl á milli frelsis og réttlætis í guðfræði hans. Það er í þessu samhengi sem Stjerna áréttar hugmynd sína um að frelsið sé í raun kjarninn í kenningu Lúthers um réttlætningu af trú (bls. 73).

Fyrsti og annar hluti bókarinnar mynda mikilvægan bakgrunn fyrir þriðja hlutann, en það er þungavigtarkafli, sem nær yfir rúmlega helming bókarinnar. Í þriðja hlutanum er efninu raðað niður í samræmi við efnistöð *Ágsborgarjátningarinnar*. Fyrst kemur umfjöllun um tungumálið sem notað er um Guð, því næst mannlegt eðli og síðan samfélag trúarinnar og náðarmeðulin. Auk þessara stóru guðfræðilegu viðfangsefna er fjallað um „ósiðina sem hefur verið breytt“ og fjallað er um í síðustu sjö greinum *Ágsborgarjátningarinnar* (greinum 22–28). Stjerna kallar þessa ósiði „hin hagnýtu mál“ (e. *the practical matters*), en þau varða m.a. þátttöku í altarissakramentinu (e. *Who Is Welcome to Communion?*), um klausturheit, skírlífi og kynhneigð. Að mati Stjerna hafa vandamálin sem eru til umfjöllunar í þessum síðustu greinum *Ágsborgarjátningarinnar* ekki síður verið umdeild síðustu aldirnar en hin stóru guðfræðilegu viðfangsefni. Hún bendir á að það séu einmitt spurningar sem tengjast sakramentunum, kynhneigð og fyrirkomulagi valds innan kirkjunnar sem hafa, allt frá upphafsárum siðbótarinnar, reynst helstu deiluefnin, hvort sem er á meðal lútherskra eða á milli lútherskra og annarra kristinna kirkjudeilda (bls. 169).

Í bókinni *Lutheran Theology: A Grammar of Faith* er byggt á yfirgripsmikilli þekkingu á guðfræði Marteins Lúthers og lútherskri trúarhefð, á umtalsverðri reynslu af því að kenna efnið á háskólastigi en síðast en ekki síst á djúpstæðri ást á viðfangsefninu. Hér er á ferðinni verk sem mun nýtast þeim sem hafa áhuga á því að kenna eða kynnast ritum Lúthers og lútherskri guðfræði. Í bókinni kemur skýrt fram sú sannfæring höfundar að það sem skipti mestu máli varðandi gildi lútherskrar guðfræði, hvort sem er í dag eða í framtíðinni, sé hvorki orðalag né skilgreining á einstökum kenningum, heldur hvort guðfræðin hafi eitthvað til málanna að leggja þegar kemur að því að vekja von og hvetja til félagslegra umbóta, ekkert síður en andlegrar endurnýjunar (bls. 192). Að mínu mati hefur Stjerna tekist vel til við að ná því markmiði sínu að gera sigilda texta *Samhyndisbókarinnar* bæði aðgengilega og merkingarbæra fyrir nútímalesendur. Höfundur þekkir spurningar nemenda sinna og leggur sig fram við að bregðast við þeim, sem hvort tveggja ber færum kennara gott vitni og er einnig skýr kostur bókar af þessu tagi. Ákveðin kennslufræðileg atriði gera bókina sérstaklega hentuga sem kennslubók, m.a. spurningar til að nota við upprifjun og umræður í lok hvers kafa,

listi yfir hæfniviðmið og lykilorð og tillögur að frekara lesefni. Aftast í bókinni er ítarleg heimildaskrá, þar sem lögð er áhersla á nýleg rit, og atriðisorðaskrá. Hér er um að ræða einstaka bók sem á án efa eftir að reynast bæði kennurum og nemendum í hefðbundnu námi vel, en einnig öllum þeim sem hafa áhuga á að kynna sér lútherska játningatexta og merkingu þeirra í sögu og samtíð.